



EMBÆTTI YFIRDÝRALÆKNIS  
Héraðsdýralæknirinn á Suðurlandi



Landbúnaðarnefnd Alþingis

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1595  
komudagur 25.4.2005

**Umsögn:**  
**Mál nr.700, frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun**

*Undirrituð fagnar tillögu um Landbúnaðarstofnun, sem áfanga að Matvælaráðuneyti.*

Hér með er ennfremur lagt til, að undir Landbúnaðarstofnun verði felld verkefni sem þar eiga heima, en eru nú vistuð hjá Umhverfisstofnun á grundvelli laga nr. 15/1994 um dýravernd.

Um er að ræða dýraverndarmál vegna dýra sem ekki heyra undir lög nr. 103/2002 um búfjárhald, sömuleiðis eftirlit með dýrahaldi í atvinnuskyni. Einnig eftirlit með meðferð og aflífun dýra í sláturhúsum og flutninga dýra, þmt sláturdýra.

Dýralæknar eru sérmenntaðir til að meta ástand og heilbrigði dýra. Íslandi er skipt upp í 14 dýralæknishéruð, greitt er af almannafé fyrir sólarhringsvakt í öllum héruðum, ma. svo hægt sé að sinna dýraverndarmálum.

Héraðsdýralæknar/eftirlitsdýralæknar sinna daglegu eftirliti í sláturhúsum. Í því eftirliti felst sk ante-mortem skoðun, þe skoðun á lifandi dýrum fyrir slátrun. Í þessu eftirliti, svo og eftirlitinu á sláturlínunni, kemur oft fyrir að dýralæknir greinin ummerki illrar meðferðar dýra. Hér má nefna sár sem ekki hafa verið meðhöndluð, ofvaxnar klaufir/hófa mm. Oftast sjást þó afleiðingar lélegrar fóðrunar.

Héraðsdýralæknar/eftirlitsdýralæknar hafa einnig eftirlit með flutningum og flutningstækjum. Sömuleiðis er fylgst með framkvæmd aflífunar.

Umhverfisstofnun hefur hvorki mannafla né sérþekkingu til að sinna þessum málum. Á meðan annast héraðsdýralæknar eftirlitið – með óljósum lagalegum heimildum.

Bent skal á að stjórn BÍ hefur mótmælt því að hlutar eftirlits í sláturhúsum verði færðir frá dýralæknum til UST.

Reynsla okkar héraðsdýralækna af dýraverndarmálum hefur sannfært okkur um að mjög brýnt er að koma dýraverndarmálum í einn farveg – ein lög, eitt ráðuneyti og eitt eftirlit.

Löggjafinn á að taka af allan vafa um hver og hvernig á að taka á málum. Fyrir hnökra í löggjöf og stjórnsýslu líða þau sem síst skyldi –dýrin. Munum að ábyrgðin er okkar!



Selfossi 25.05.05  
Katrín Andrésdóttir